

Nd.

177. Frumvarp til laga

[150. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

32.—40. gr. laganna verði 33.—41. gr. þeirra jafnframt því sem ný grein, er verði 32. gr. laganna, orðist svo:

Ráðherra skal heimilt að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra mannvirkja og mannvirkjahluta. Jöfnunarálagið skal byggt á áætlun um hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða byggingarkostnaði sambærilegra mannvirkja eða mannvirkjahluta sem framleitt er hér á landi. Með aðflutningsgjöldum í þessu sambandi er átt við tolla og önnur gjöld sem lagt er á innflutt hráefni, efnivörur og annað sem notað er til framleiðslu innanlands á nefndum vörum og sérinnflutt flokkast undir önnur tollskrárnúmer 1. gr. laganna en innflutt mannvirki og mannvirkjahlutar. Við áætlun þessa skal miða við sams konar eða hliðstæð mannvirki eða mannvirkjahluta á sama eða svipuðu byggingar- eða framleiðslustigi þessara vara hér á landi. Við ákvörðun jöfnunarálags skal auk þeirra atriða sem að framan getur taka tillit til gerðar mannvirkis og mannvirkjahluta og skal heimilt að flokka vörur þessar í mannvirkjaflokka og ákveða jöfnunarálag fyrir hvern flokk fyrir sig.

Ráðherra skal heimilt, þegar innflutt mannvirki eða mannvirkjahlutar telst í verulegum atriðum að efni eða gerð frábrugðið þeim mannvirkjum eða mannvirkjahlutum sem framleitt er hér á landi, að ákveða að jöfnunarálag skuli lagt á tollverð þeirra hráefna, efnivara eða annars sem notað hefur verið til framleiðslu nefndra innflutningsvara. Skal innflytjandi í því tilviki leggja fram sundurliðun um einstaka kostnaðarþætti hinnar innfluttu framleiðsluvöru svo og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar þykja.

Ráðherra skal heimilt að leggja jöfnunarálag á aðra innflutta vöruflokka til þess að veða upp á móti uppsöfnuðum aðflutningsgjöldum í verksmiðjuverði eða byggingarkostnaði innlendrar framleiðsluvöru sem ekki eru lögd á sams konar eða hliðstæðar vörur við innflutning.

Innheimta jöfnunarálags samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls skv. 1. gr. af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd jöfnunarálags fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftrilit.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um jöfnunarálag og flokkun til gjaldskyldu og ákveðið hvað telja skuli verksmiðjuverð eða byggingarkostnað samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi því sem hér er lagt fyrir Alþingi er lagt til að tekin verði upp ný grein í lög nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum er feli í sér heimild til handa fjármálaráðherra til þess að leggja á jöfnunarálag í þeim tilgangi að jafna aðstöðumun þann sem m. a. innlendir byggingariðnaður býr nú við gagnvart innflutningi á ýmsum gerðum mannvirkja vegna álagningar aðflutningsgjalda, tolla og annarra gjalda á margs konar innfluttar efnivörur sem notaðar eru til framleiðslu verndarvara.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um uppsöfnun aðflutningsgjalda, tolla og vörugjalda vegna álagningar gjalda þessara á ýmsar efnivörur og hluta sem notað er m. a. til framleiðslu á svonefndum einingahúsum hér á landi skulu hér á eftir nefnd nokkur dæmi:

Tollskrár- númer	Vörueiti	Tollur %	Vörugjald %
39.02.—	Vegg- og gólfúkur	35	24
58.02.—	Gólfteppi	20/0	24
69.08.00	Veggflísar	35	24
69.10.00	Handlaugar o. þ. h.	80	24
73.13.51	Pakjárn	0	24
73.18.29	Rör	0	24
73.38.29	Baðker o. þ. h.	80	24
84.61.03	Kranar o. þ. h.	35	24
84.61.04	Hitastilltir lokar	35	24
84.61.12	Blöndunartæki o. þ. h.	35	24
85.06.20	Eldhúsviftur	80	24
85.12.21	Rafmagnsofnar o. þ. h.	35	24
85.19.12	Rofar	35	24
85.19.14	Vör	35	24
85.19.18	Tengibúnaður	35	24
85.23.09	Raftaugar	0	24

Auk þeirra gjalda sem nefnd hafa verið má geta þess að á ýmsar byggingarvörur, t. d. timbur og byggingarplötur margs konar, er lagt $\frac{1}{2}\%$ byggingariðnaðargjald.

Sé litið til tollmeðferðar á innfluttum húsum og öðrum mannvirkjun þá hafa tollar nú verið felldir niður af vörum þessum í samræmi við fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE. Hins vegar er innheimtur 12—15% tollur af sams konar vörum sem framleiddar eru og innfluttar frá löndum sem standa utan þessara fríverslunarsvæða. Magntölur yfir innflutning á timburhúsum, sbr. tollskrárnúmer 44.23.01, leiða í ljós að veruleg aukning hefur orðið á innflutningi þessara vara frá því 1969 er undirbúningur stóð yfir vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að EFTA. Á því ári voru 106,8 tonn flutt inn í nefndu tollskrárnúmeri samanborið við 864,2 tonn á tímabilinu janúar til september 1981. Innflutningsmagn hefur þó verið breytilegt frá ári til árs, en ljóst er þó að um verulega aukningu er að ræða. Innflutningsverðmæti, cif, á tímabilinu janúar til september 1981 var um 7 mkr. Innflutningsverðmæti þessara vara á árinu 1969 var hins vegar 2,5 mkr., framreiknað miðað við breytingar á sölugengi Bandaríkjadollars. Um samsetningu þessa innflutnings liggja ekki fyrir neinar tölulegar upplýsingar en þó er vitað að innflutningur á svonefndum heilsársúsum hefur vaxið mjög mikið.

Segja má að það sé í fullu samræmi við efni fríverslunarsamninganna að innlendir framleiðendur verði fyrir aukinni samkeppni erlendis frá. Hins vegar verður að telja samkeppni þessa ósanngjarna að því leyti að umrædd hús hafa oftast verið flutt inn tollfrjálst með ýmsum búnaði og úr efnivöru sem er hátollavara séu vörur þessar fluttar inn sér í lagi, þ. e. þegar íslenskir framleiðendur einingahúsa og húsnæðis almennt kaupa þessar vörur, sbr. dæmi um aðflutningsgjöld á nokkrum efnivörum sem nefnd voru hér að framan.

Með frumvarpi þessu er eins og áður sagði lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að leggja jöfnunarálág á tollverð mannvirkja, sbr. 1. gr. Leggja ber áherslu á það, að jöfnunarálagi er eingöngu ætlað að mæta uppsöfnuðum aðflutningsgjöldum í verksmiðjuverði eða kostnaðarverði m. a. einingahúsa, sem framleidd eru hér á landi, sem ekki eru jafnframt innheimt við tollafgreiðslu sambærilegra innfluttra einingahúsa. Af framkvæmda-ástæðum er ljóst að eigi verður við komið að leggja mismunandi álag á einstakar innfluttar vörur og er því við það miðað að jöfnunarálág verði byggt á áætlun um hlutdeild uppsafn-

aðra gjalda í sams konar eða sambærilegum mannvirkjum eða mannvirkjahlutum sem framleitt er hér á landi. Í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er fyrirhugað að reikna uppsöfnuð aðflutningsgjöld út miðað við vísitölur byggingahluta í einstökum mannvirkjaflokkum, sem rannsóknastofnunin reiknar út í sambandi við kostnaðarútreikninga við mannvirkjagerð hér á landi, og bera saman við tollverð sömu flokka innfluttra mannvirkja. Með þessum hætti verður jöfnunarálag ákveðið sem meðaltalshlutfall af tollverði innfluttra mannvirkja. Í þeim tilgangi að ná fram sem mestri nákvæmni við jöfnun samkeppnisstöðunnar vegna uppsöfnunaráhrifa aðflutningsgjalda er eins og áður sagði gert ráð fyrir að flokka mannvirkin í ákveðna mannvirkjaflokka og ákveða jöfnunarálag fyrir hvern flokk fyrir sig. Þar sem hér er um meðaltalsreglu að ræða sem komið getur óréttlátlega niður vegna innflutnings á mannvirki sem í verulegum atriðum er frábrugðið bæði að efni og gerð þeim mannvirkjum sem framleidd eru hér á landi er gert ráð fyrir að ráðherra geti í undantekningartilvikum veitt undanþágu frá meginreglunni og ákveðið jöfnunarálag í einstökum tilvikum.

Með álagningu jöfnunarálags er ekki talið að farið sé út fyrir þau takmörk sem aðildarsamningur Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samningur við Efnahagsbandalag Evrópu setur okkur, svo framarlega sem jöfnunarálagið er ekki hlutfallslega hærra en nemur þeim kostnaðarauka sem leggst á innlenda framleiðslu vegna uppsöfnunar aðflutningsgjalda og gerir hana að því leyti ósamkeppnisfæra við innfluttar vörur. Á þessu stigi liggja eigi fyrir útreikningar varðandi uppsöfnun aðflutningsgjalda í innlendri framleiðslu einstakra flokka mannvirkja en gert er ráð fyrir að í reglugerð sem sett verður eftir áramót, verði frumvarp þetta samþykkt, verði kveðið nánar á um jöfnunarálag. Með tilliti til þess að horfur eru á að ekki dragi úr innflutningi einingahúsa á næsta ári, sem haft getur verulegan samdrátt í för með sér í framleiðslu innanlands á húsum af þessari gerð með fyrirsjáanlegu atvinnuleysi í viðkomandi atvinnugrein, ber brýna nauðsyn til að þegar verði gripið til gagnráðstafana og er því gert ráð fyrir að 12% jöfnunarálag verði lagt á innflutt hús frá og með 1. janúar 1982 en breytilegt jöfnunarálag fyrir vörur þessar verði síðar ákveðið.